

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1965, um breyt. á lögum nr. 19
10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970, skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgr. 4. gr. falli niður.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Borgarfégeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfs verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfshafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var út gefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo hátt að, að varhugað sé að leyfa hana. Getur ráðherra synjað um veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkvæmt 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar.

Verzlunarleyfi gildir í 5 ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfshafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 4. gr. og ákvæðum 5. gr., enda standi sérstaklega á.

Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslensk lög.

3. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt heildsverzlun eða umboðsverzlun leyfi til tilboðasöfnunar, sbr. 4. málsg. 9. gr., þó að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málslíður 4. gr. falli niður.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að reka iðju, veitir iðjuleyfi.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfa verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund iðju, hvar iðju megi reka samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef:

1. Iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.